



Nesstofa.

laugur Snædal og Halldór Baldursson. Loks skal talið verkefni sem félagið hefur lítillaga komið að. Árið 1998 voru lögð drög að stofnun rannsóknarstofu í heilbrigðissögu við læknadeild Háskóla Íslands og á fulltrúi félagsins sæti í stjórn hennar.

Mikil og góð samvinna hefur tekist á milli félagsins og ráðamanna Þjóðminjasafnsins en sérstaklega hafa þó samskiptin verið mikil við Kristín Magnússon safnvörð Nesstofusafns. Stjórnarfundir félagsins eru haldnir í húsnæði safnsins í Nesi. Þá ber að nefna gott samstarf við Lyfjafraeðingafélagið sem hefur komið sér upp myndarlegu húsnæði og safni í Nesi. Eru allir stærri fundir félagsins haldnir í húsnæði þess. Ötull tengiliður hefur verið Axel Sigurðsson lyfjafraeðingur.

Þegar litið er til baka yfir starfsemi félagsins er ódilegt að flestum komi í hug nafn Jóns Steffensens.

Hann var frumkvöðull að stofnun félagsins, helsta driffjöðrin og formaður þess til æviloka. Hann tengdi miklar vonir við starfsemina og ýmislegt hefur gengið eftir af því sem hann ræddi um á stofnfundinum. Útgáfumálin hafa þó orðið útundan vegna þess að félagið hefur ekki haft burði til slíkrar starfsemi. Ritun heilbrigðissögu hefur farið fram á vegum Læknafélags Íslands en hefur ekki verið gefin út ennþá.

Þó að nafn félagsins sé tengt læknisfræði er verksvið þess saga heilbrigðismála í víðum skilningi. Þess vegna væri æskilegt að fá fulltrúa fleiri heilbrigðisstétta, auk lækna, sem félagsmenn. Slíkt myndi styrkja starfsemi þess og gera það öflugra og sýnilega en verið hefur.

ÓLAFUR Þ. JÓNSSON

Samningur við TR Umsókn um aðild

KOSTNAÐUR SEM Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa er bundinn af árlegu framlagi sem Alþingi ákvarðar í fjárlögum. Þetta á meðal annars við um þjónustu sérfræðinga á eigin læknastofnum. Því er stofnuninni nauðsynlegt að vita fyrirfram hversu margir sérfræðingar muni starfa samkvæmt samningi við hana, svo hægt sé að leggja fram raunhæfa fjárhagsáætlun fyrir árið.

Þess vegna mun Tryggingastofnun afgreiða umsóknir um aðild að samningi við TR á

eftirfarandi hátt:

Peim sem sækja um aðild á fullnægjandi hátt á tímabilinu frá 1. október 2000 til og með 30. nóvember 2000 verður heimilað að hefja störf frá og með 1. janúar 2001.

Peim sem sækja um aðild á fullnægjandi hátt á tímabilinu 1. desember 2000 til og með 30. nóvember 2001 verður heimilað að hefja störf frá og með 1. janúar 2002.

Tryggingayfirlæknir